

11. gr.

Gjald fyrir prófun búvélar greiðist við lok prófunar samkvæmt gjaldskrá, sem Rannsóknastofnun landbúnaðarins ákveður í samráði við landbúnaðarráðuneytið.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt V. kafla laga nr. 64 21. maí 1965 um Rannsóknastofnun landbúnaðarins til þess að öðlast gildi þegar í stað. Jafnframt er úr gildi felld reglugerð nr. 33 12. apríl 1962.

Landbúnaðarráðuneytið, 9. janúar 1976.

Halldór E. Sigurðsson.

Ragnheiður Árnadóttir.

9. janúar 1976.

Nr. 8.

REGLUGERÐ

um gjöld fyrir embættisverk fulltrúa utanríkisþjónustunnar.

1. gr.

Fyrir útgáfu vegabréfa og staðfestingaráritanir í sendiráðum eða ræðisskrifstofum Íslands skal greiða eftirfarandi gjöld:

1. Fyrir útgáfu vegabréfa til handhafa á aldrinum 18—66 ára	kr. 2 000.00
2. Fyrir útgáfu vegabréfa til handhafa, sem eru 67 ára og eldri eða hafa eigi náð 18 ára aldri	— 1 000.00
3. Fyrir staðfestingaráritun í vegabréf eða önnur persónuskilríki	— 350.00
4. Fyrir að staðfesta undirskriftir stjórnvalda og einstaklinga („legalisering“), hvert skjal	— 350.00

2. gr.

Upphæð gjalds skv. 1. gr. skal rituð í vegabréfið eða á skjalið. Jafnframt skal gefa út sérstaka kvittun fyrir gjaldinu og rita á hana fyrir hvað gjaldið er innheimt.

3. gr.

Gjöld þau, sem innheimt eru skv. reglugerð þessari, renna í ríkissjóð, nema þau gjöld, sem kjörræðismenn innheimta, en þau renna til þeirra sjálfra. Gjöldin ber að greiða í mynt hlutaðeigandi ríkis í samræmi við skráð gengi Seðlabanka Íslands. Við útreikninginn er heimilt að jafna upphæðina.

4. gr.

Reglugerð þessa skal prenta á íslensku og ensku og skal hún liggja frammi í íslenskum sendiráðum og ræðisskrifstofum.

5. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. 17. gr. laga nr. 39, 16. apríl 1971 um utanríkisþjónustu Íslands og öðlast hún gildi hinn 1. febrúar 1976. Jafnframt fellur þá úr gildi reglugerð um gjöld til utanríkisráðuneytisins frá 22. desember 1972.

Utanríkisráðuneytið, 9. janúar 1976.

Einar Ágústsson.

Pétur Thorsteinsson.